Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Kópavogsbær
Ásdís Kristjánsdóttir
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Kópavogur, 16. nóvember 2023
2309011 SB

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Efni: Starfs- og fjárhagsáætlun SSH

Á aðalfundi SSH sem haldinn var 10. nóvember sl. var eftirfarandi bókað í fundargerð vegna starfs- og fjárhagsáætlunar SSH:

Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 lögð fram til samþykktar

Lögð fram svohljóðandi tillaga stjórnar SSH:

> Stjórn SSH leggur til við aðalfund SSH 10. nóvember 2023 að árgjald aðildarsveitarfélaganna 2024 til samtakanna verði 164 kr. á hvern íbúa.

Tillagan var samþykkt.

Lögð fram svohljóðandi tillaga stjórnar SSH:

> Stjórn SSH leggur til við aðalfund SSH 10. nóvember 2023 að starfs- og fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2024 verði samþykkt.

Tillagan var samþykkt.

Í 7. gr. samþykkta sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu kemur fram að starfs- og fjárhagsáætlun samtakanna skuli afgreidd á aðalfundi og staðfestar í sveitarstjórnum allra aðildarsveitarfélaganna.

Meðfylgjandi er starfs- og fjárhagsáætlun SSH vegna ársins 2024 og er samkvæmt framansögðu óskað staðfestingar á henni. Þess er óskað að upplýsingar um afgreiðslu þessa berist á netfangið ssh@ssh.is.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi:
- Starfs- og fjárhagsáætlun SSH 2024
- Tillaga um árgjald samþykkt á aðalfundi 2023
- Fundargerð aðalfundar SSH 2023